

Ásgarði 19. ágúst 2020

Dalabyggð
Miðbraut 11
370 Búðardal

Efni: Tilkynning um skógrækt á jörðinni Ásgarði í Hvammssveit.

Eyjólfur Ingvi Bjarnason f.h. Skugga-Sveins ehf. tilkynnir hér með Dalabyggð um skógræktarsamning á jörðinni Ásgarði í Hvammssveit. Landnúmer 137707.

Samningurinn tekur til 134 ha. lands og meðfylgjandi er greinargerð um landið ásamt korti af svæðinu. Kortið er þó gert með fyrirvara um nákvæmari GPS mælingar á útlínum.

Einnig er óskað eftir afstöðu Dalabyggðar um hvort framkvæmdaleyfi í samræmi við reglugerð nr. 772/2012 sé krafist. Í 4. gr. reglugerðarinnar segir:

Allar framkvæmdir sem teljast meiriháttar, hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir. ... Leyfisveitandi metur hvort framkvæmd sé framkvæmdaleyfisskyld skv. 1. mgr., falli hún ekki undir lög um mat á umhverfisáhrifum.

Landeigandi telur framkvæmdina í samræmi við gildandi aðalskipulag sveitarfélagsins.

Verndarákvæði náttúruverndarlaga:

Á landinu eru ekki friðlýst svæði eða annað sem getur stangast á við náttúruverndarlög.

Fornminjar:

Ekki er vitað um neinar fornminjar á umræddu svæði.

Sérstakar jarðmyndanir og vistkerfi:

Engar sérstakar jarðmyndanir eða vistkerfi eru á umræddum svæðum og svæðið er ekki á náttúruminjaskrá.

Útlitshönnun:

Við hönnun skógarins verður leitast við að hafa sem minnst af beinum línum og að skógurinn líti sem best út í landinu. Tekið verður tillit til útsýnis frá Magnússkógum 3, auk þess sem svæði sem teljast votlendi verða tekin út og þeim ekki spillt.

Almennt:

Fyrirhugað skógræktarsvæði er 134 ha. að stærð. Skógræktarsvæðið skiptist í þrjú megin svæði. Umfangsmesta svæðið liggur nærri fjöru í botni Hvammsfjarðar en svo eru tvö önnur minni svæði sem liggja norðan og sunnan bæjar og liggja að girðingum í úthaga (sjá mynd í greinargerð). Gleggri lýsingu má finna í greinargerðinni sem fylgir þessari umsókn.

Skugga-Sveinn hef. óskar hér með svara Dalabyggðar við því hvort heimilt sé að hefja framkvæmdir við skógræktarsvæði á Ásgarði.

f.h. Skugga-Sveins ehf.

Eyjólfur Ingvi Bjarnason